

Tillögur fyrir aðalfund LS 2017

Tillaga um arð og ráðstöfun hagnaðar

„Stjórn Lánasjóðsins leggur til að þann 7. apríl verði hluthöfum greiddar verði 491 milljón króna í arð vegna ársins 2016“.

Arðgreiðslan er í samræmi við samþykktu arðgreiðslustefnu sjóðsins.

Tillaga um starfskjarastefnu

Stjórn hefur lagt fyrir fundinn breytta starfskjarastefnu.

Tillaga um laun stjórnar og undirnefndar stjórnar

„Laun til stjórnarmanna verði áfram 20% af efsta þrepi launaflokks 149 í launatöflu skrifstofufólks Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hvern mánuð að viðbættu orlofi, en 30% til formanns stjórnar. Varamenn í stjórn fái 20% af sama launaflokki að viðbættu orlofi fyrir hvern setinn fund. Laun aðalmanna eru því 109.438 kr. á mánuði en formaður fær 164.157 kr. á mánuði“.

Tillaga um endurskoðanda

„Ekki er heimilt að skipta um endurskoðendur nema á 5 ára fresti, nema sérstakar ástæður kalli á það. PwC var ráðið árið 2015 og því er lagt til að þessi liður verði ekki á dagskrá“.